



SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS

Bráðabirgðastjórn Sósíalístaflökks Íslands: Fundargerð

Fundur Bráðabirgðarstjórnar Sósíalístaflökks Íslands. Haldinn 3. júlí 2017 í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Allir starfandi meðlimir Bráðabirgðastjórnar voru mættir, eða Viðar Þorsteinsson, Benjamín Julian, Sigurður H. Einarsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Laufey Ólafsdóttir, Ásta Dís Guðjónsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir, og Gunnar Smári Egilsson.

Gestur fundarins var Ásgerður (Ása) Ágústa Jóhannsdóttir, flokksmeðlimur sem starfað hefur með flokknum að ýmsum málum.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1) Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, 26. júní, sem Viðar Þorsteinsson ritaði, var samþykkt. Hún er nú aðgengileg á vef flokksins.

2) Gestur fundarins kynnir sig

Ása Jóhannsdóttir kynnti sig stuttlega og sat svo fundinn og tók virkan þátt í umræðum.

3) Uppfærsla félagsskrár

Gunnar Smári gaf stutta greinargerð um uppfærslu félagaskrárinnar, en fyrr í dag voru send út tölvuskeyti til félagsmanna þar sem þeim var boðið að uppfæra upplýsingar og gefa kost á sér í úrtak fyrir málefnavinnu í gegnum slembival. Um hundað manns höfðu þegar brugðist við og uppfært skráningar sínar um hádegi.

Uppfærsla og endurhönnun félagaskrárinnar hefur verið mjög vel unnin að mati stjórnar og voru færðar til bókar sérstakar þakkir til Atla Freys Friðbjörnssonar sem hefur unnið þá vinnu ásamt fleirum.

Fyrirhugað er að senda frekari áminningar til félagsmanna um að bregðast við ósk um að þeir uppfæri upplýsingar sínar. Rætt var um ýmsar leiðir til að auka skilvirkni slíkra tölvupóstsendinga sem og að nota aðrar samskiptaleiðir til að minna á uppfærslu félagaskrár á meðan hún stendur yfir.

Ljóst er að ekki verður hægt að ná til alveg allra félagsmanna, og því er sá möguleiki fyrir hendi að einhverjir sem fara inn í slembival hafi ekki verið búnir að heyra af því að slíkt stæði til. Stjórnin taldi þetta ásættanlegt, enda væri ekki hægt að hringja í alla.

Dæmi eru um félagsmenn sem hafa misritað netfang og sem eru ekki með netfang. Samþykkt var að hafa skyldi samband við þá félagsmenn símleiðis, enda sé fjöldi þeirra viðráðanlegur. Ásta Dís bauð sig fram til að hringja þau símtöl þegar þar að kemur.

Hinn svonefndi „Áróðurshópur“ sem Ása og fleiri eru í ætlar að hittast á morgun til að ræða um ýmis mál og lagði Ása til að á þeim fundi yrði rætt um leiðir til að styrkja kynningarvinnu í tengslum við uppfærslu félagaskrárinnar og svo hópastarfið sem kemur í framhald hennar.

4) Málefnnastarf

Farið var yfir ýmsar óleystar hliðar á málaefnnastarfinu sem brátt fer af stað. Áréttað var að bráðabirgðarstjórn mun útvega málefnahópunum húsnæði, fundarstjórn og annan stuðning til að málefnavinnan geti gengið sem best fyrir sig. Rætt var um að fyrstu fundir málefnahópa yrðu líkast til ekki fyrr en í ágúst, sökum sumarleyfa í júlímánuði.

Húsnæði. Rætt var um hvers konar salarkynni myndu henta fyrir fundi málefnahópa sem geta verið með allt að 30 manns. Niðurstaða til bráðabirgða var að líklega væri hentugt að fundir allra hópa færu fram á sama stað og tíma, enda yrði þá hægt að samnýta aðstöðu og aðföng. Einnig myndi það búa til tækifæri fyrir félagsmenn og fundarstjóra að hittast óformlega.

Minnt var á mikilvægi þess að gott hjólastólaaðgengi væri í húsnæðinu.

Samþykkt var að Ása Jóhanns og Laufey myndu á morgun (þriðjudag) kanna möguleg salarkynni og leita eftir tilboðum hjá ýmsum aðilum, þar á meðal nokkrum sem nefndir voru á fundinum (t.d. Dýraverndarfélag Íslands, ReykavíkurAkademían, Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu, Þjóðarbókhlaðan, Gamla bíó, skólahúsnæði). Laufey og Ása munu veita stjórn skýrslu um niðurstöður þessarar könnunar.

Sérfræðingar. Ekki er enn byrjað að setja saman formlegan lista yfir sérfræðinga, en rætt var um ýmsa mögulega einstaklinga á síðasta fundi. Samþykkt var að stjórnarmeðlimum væri frjálst að undirbúa jarðveg með því að nefna mögulega aðkomu fólks að hópastarfi sem sérfræðingar í samræðum við það, með þeim fyrirvara að hóparnir sjálfir ákveða hverjum þeir á endanum bjóða.

Fundarstjórar. Gunnar Smári og Benjamín Julian hafa fengið ráðgjöf um hvernig afla megi góðra fundarstjóra eða umræðustjóra svo sem áður hefur verið rætt á fundum stjórnar. Rætt var um hvort greiða ætti fundarstjórum fyrir sína vinnu og voru rædd rök með og móti því. Var ekki tekin ákvörðun um það að sinni.

Rætt var um hve mikla ábyrgð hver og einn fundarstjóri axlar. Var rætt um að hann eða hún hefði varafundarstjóra til að taka við keflinu í forföllum.

Styrkur til hópmeðlima af landsbyggð. Sátt er um að veita einhvers konar styrk til þeirra meðlima í málefnaþópum sem þurfa að gera sér ferð utan af landi og sem hafa ekki mikil fjárráð til slíkra ferða. Rætt var um hvernig best væri að haga úthlutun fjár í þeim tilgangi, og var Viðari Þorsteinssyni falið að skila útfærðri tillögu til stjórnar á grundvelli ýmissa sjónarmiða sem fram voru sett á fundinum, þar á meðal ólíkur kostnaður sem fylgir ólíkri fjarlægð frá Reykjavík, hvort sækja þurfi sérstaklega um styrk og þá hvernig og hvort rétt væri að óska eftir staðfestingu á útlögðum kostnaði (kvittunum).

Félagsfundur. Samþykkt var að efna til félagsfundar þar sem tilhögun væntanlegrar málefnavinnu yrði kynnt. Jafnframt yrði slíkur fundur gott tækifæri til að bjóða félagsmönnum að hitta hvorn annan á vettvangi flokksins.

Samþykkt var að fundurinn færi fram klukkan 20:00 á miðvikudagskvöldið 12. eða fimmtudagskvöldið 13. júlí. Stungið var upp á Café Meskí í Skeifunni sem álitlegum fundarstað. Ása Jóhanns tók að sér að hringja og kanna verð og hvort umræddar dagsetningar væru lausar fyrir fund.

Að lokum var formlega samþykkt að við framkvæmd slembivala verði tryggt að kynjafhlutföll verði jöfn í hverjum hópi.

5) Sósíalistaping

Framkvæmd Sósíalistapings, landsfundar Sósíalistaflokks Íslands, var reifuð stuttlega en samþykkt að vísa nánari umræðum um það til næsta fundar. Sólveig Anna lýsti vel heppnuðum pólitískum þingum sem hún hefur sótt í Noregi, og var tekið vel í að leita eftir slíkum fyrirmyndum og innblæstri. Þess er vænst að Sósíalistaping yrði tveggja daga viðburður yfir helgi.

6) Áróður og miðlun

Rætt var um sýnileika flokksins í miðlum og stöðuna varðandi öflun og birtingu efnis inni á vefnum sosialistaflokkurinn.is. Gunnar Smári lýsti því að ekki væri mikill lestur á greinunum sem þar birtst,

jafnvel þótt þær séu góðar og birtist nú nokkuð títt, og rætt var um hvernig megi auka dreifingu þess efnis. Rætt var um möguleika á því að reglulegir pistlahöfundar á vefnum reyndu einnig að koma greinum sínum að á öðrum miðlum, til að mynda visir.is. Ása lagði til að nota þekktar aðferðir við að auka sýnilega, lestur og dreifingu efnis á samfélagsmiðlum. Rætt var vítt og breitt um hvers konar eigi að smíða og hvernig megi deila því. Sátt var um að stjórnar- og félagsmenn haldi áfram að semja og deila efni hver með sínum aðferðum og noti miðla flokksins eftir hentugleikum.

7) Annað innra starf

Undir þessum lið var rætt um ýmislegt innra starf í flokknum sem er í gangi eða á döfinni annað en málefnavinnan. Rætt var um mikilvægi þess að hafa fundi þar sem félagsmenn geta hitt hvorn annan og gætu slíkir fundir verið án formlegrar dagskrár og verið eingöngu til samveru. Sátt var um að haustið gæti orðið betri tími fyrir slíka fundi og að aðrir fyrirhugaðir félagsfundir og málefnastarf ættu að geta svarað þeirri þörf yfir sumartímamann.

Viðar hefur boðist til að halda fræðslufund um sögu og álitamál innan sósíalisma sem hann auglýsti í Facebook-hópnum.

Fram kom að bráðabirgðastjórn er tilbúin að styðja við hvers kyns starf sem upp kann að spretta innan flokksins, hvort sem er í tengslum við einstakar aðgerðir, hópa sósíalista í tilteknum byggðarlögðum úti á landi eða Unga sósíalista.

8) Önnur mál

Eftirfarandi var tekið til umræðu undir liðnum önnur mál:

Fundur fólksins. Ásta Dís lagði fram tillögu þess efnis að Sósíalistaflokkur Íslands yrði þátttakandi í Fundi fólksins sem haldinn verður 8. og 9. september í Hofi á Akureyri. Samþykkt var að Viðar tæki að sér að leggja inn formlega umsókn, og Gunnar Smári tók að sér að leita uppi og setja sig í samband við félagsmenn á Akureyri með það í hug að þeir gætu haldið utan um kynningu eða dagskrá á vegum flokksins á Fundi fólksins. Fram kom að Laufey og Ásta Dís munu verða staddar á Fundi fólksins sem fulltrúar annarra samtaka sem þær starfa með.

Fundarritun næsta fundar. Viðar tilkynnti um forföll á næsta fundi (mánudag 10. júlí) þar sem hann verður úti á landi og samþykkti Sanna Magdalena að rita fundargerð í hans stað á þeim fundi.

Fundi var slitið um 21:50